

Nd.

333. Frumvarp til laga

[51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:

Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiriksstaða-, Sleðhrjóts- og Möðrudalssóknir.

Prestssetur: Kirkjubær.

Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:

Eiðar. Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.

Prestssetur: Eiðar.

c. Í stað orðanna „og Laugardælasóknir“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í Árnassprófastsdæmi) komi: og Selfosssóknir.

d. Í stað „Prestssetur: Hvanneyri“ í IX. 52 (Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi) komi: Prestssetur: Staðarhóll.

e. Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:

Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

f. Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.